



Fundur háskólaráðs 19. september 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 16.09.2002
Dags: 19.09.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

15/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 19. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, Ármann Höskuldsson, Þórður Harðarson, Hjalti Hugason, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Stefán Svavarsson, Rögnvaldur Ólafsson og Þorsteinn Loftsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagður fram bæklingurinn „Uppbygging Háskóla Íslands – markmið og aðgerðir 2002–2005”.
- 1.2 Lagt fram minnisblað rektors til menntamálaráðherra um kennslusamning.
- 1.3 Lagt fram yfirlit yfir reglur sem deildir setja og háskólaráð staðfestir.
- 1.4 Lögð fram stefnuyfirlýsing evrópskra háskóla (Magna Carta Universitatum, 18.9.1989) í íslenskri þýðingu.
- 1.5 Lagðar fram upplýsingar um styrk til Háskóla Íslands frá Háskólanum í Gautaborg.
- 1.6 Lögð fram drög að bréfi til menntamálaráðherra varðandi lög um háskóla nr. 136/1997.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir og ráð:

Tillaga að skipun erfðafræðinefndar Háskóla Íslands, sbr. 4. gr. reglna um erfðafræðinefnd samþykktar í háskólaráði 26. júní 2002.

Skipuð án tilnefningar:

Hrafn Tulinius, prófessor í læknadeild

Margrét Oddsdóttir, dósent í læknadeild

Oddur Benediktsson, prófessor í verkfræðideild

Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspekideild, varamaður hans er Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans.

Sigurður Guðmundsson, landlæknir, tilnefndur af landlæknisembættinu

Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af hagstofustjóra

Gísli Einarsson, lektor, tilnefndur af forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss.

- Samþykkt einróma.

Tillaga að skipun stjórnar Alþjóðamálastofnunar, sbr. 5. gr. reglna um Alþjóðamálastofnun samþykktar í háskólaráði 26. júní 2002.

Skipuð án tilnefningar:

Baldur Þórhallsson, lektor í félagsvísindadeild

Björg Thorarensen, prófessor í lagadeild

Guðmundur K. Magnússon, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild

Valur Ingimundarson, lektor í heimspekideild.

Skipaðir samkvæmt tilnefningu aðila að samstarfssamningi um stofnunina:

Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Sam-taka atvinnulífsins

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Sverrir H. Gunnlaugsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti.

Skipuð samkvæmt tillögum þeirra sem eiga aðild að stofnuninni:

Dr. Ann-Cathrine Jungar, Associate Professor, University-College of Södertörn, Svíþjóð

Dr. Christine Ingebritzen, Associate Professor, University of Washington, Seattle, USA

Professor Clive Archer, Manchester Metropolitan University, Britain

Dr. Iver B. Neuman, Centre for Russian Studies, Norwegian Institute of International Affairs, Nupi, Norway.

- Samþykkt einróma.

- 2.2 Lögð fram tillaga félagsvísindadeildar að breytingu XVII. kafla reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. samþykkt deildarfundar félagsvísindadeildar 13. september 2002. 114. gr. Kennslugreinar, prófgráður og námseiningar.

Í stað núverandi texta:

M.A.-nám í uppeldis- og menntunarfræði er sérstaklega skipulagt 60 eininga nám að loknu B.A.-prófi. Námið samanstendur af skipulögðum námskeiðum og viðamikilli lokaritgerð. Heimilt er að bjóða upp á ólíkar námslínur samkvæmt nánari ákvörðun félagsvísindadeildar.

M.Ed. nám í uppeldis- og menntunarfræði er 45 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið samanstendur af 30 einingum í námskeiðum og 15 eininga lokaritgerð.

Komi eftirfarandi texti:

M.A.-nám í uppeldis og menntunarfræði er sérstaklega skipulagt 45 eða 60 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið samanstendur af skipulögðum námskeiðum og lokaritgerð. Heimilt er að bjóða upp á ólíkar námslínur samkvæmt nánari ákvörðun félagsvísindadeildar.

- Samþykkt samhljóða.

- 2.3 Lagt fram minnisblað um Fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni.

Tillaga að reglum um Fræðasetur Háskóla Íslands var rædd í háskólaráði þann 29. janúar 2002. Þar var ákveðið að huga nánar að þeim möguleika að fella saman undir einn hatt þverfaglegar háskólastofnanir og fræðasetur á landsbyggðinni.

- Samþykkt samhljóða að fela Ármanni Höskuldssyni og Rögnvaldi Ólafssyni að undirbúa tillögu um málið fyrir háskólaráð í samráði við rektor.

- 2.4 Lögð fram drög að reglum um könnun á kennslu og námskeiðum við Háskóla Íslands og meðferð hennar.

Samþykkt á fundi í kennslumálanefnd 21. maí 2001. Yfirfarin á fundi formanna starfsnefnda háskólaráðs og af fleiri aðilum.

- Samþykkt samhljóða að leggja málið fyrir deildarforseta og óska eftir umsögn þeirra.

- 2.5 Lögð fram drög að reglum um viðurkenningar Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í

starfi, ásamt skýringum.

Á fundi háskólaráðs 15. júní 1999 var samþykkt einróma tillaga rektors um að veita árlega þremur starfsmönnum Háskólans viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi.

- Reglurnar samþykktar einróma. Rektor heimilað að skipa tvo menn í valnefnd. Samþykkt samhljóða að þriggja manna nefnd háskólaráðs sem gerir tillögu um þá einstaklinga sem hafa náð ágætum árangri í starfi á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknnum verði skipuð Önnu Soffíu Hauksdóttur, varaforseta háskólaráðs, Herði Sigurgestssyni, fulltrúa þjóðlífs og Stefáni Svavarssyni fulltrúa fræðasviða í háskólaráði.

2.6 Lögð fram kæra (ódagsett) til háskólaráðs frá Evu I. Sumarliðadóttur vegna umsóknar um undanþágu frá stúdentsprófi til að hefja nám í Háskóla Íslands í bókasafns- og upplýsingafræði.

- Frestað.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Rekstur húsnæðis Háskólabíós.

- Tekið af dagskrá.

3.2 Reglur um aldurs- og árangurstengda tilfærslu starfsþátta kennara við 55 og 60 ára aldur, sbr. samþykkt háskólaráðs 26. júní 2002.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og gerði grein fyrir framlögðum reglum. Málið var rætt ítarlega.

- Frestað.

3.3 Um starfshætti dómnefnda. Tillaga að breytingu á 7. mgr. 43. gr. reglna Háskólans, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt að bera málið undir deildarforseta og óska eftir ábendingum þeirra.

4. Önnur mál

4.1 Undirbúningur að byggingu Háskólatorgs.

Rektor rakti forsögu málsins og framtíðaráform Háskólans um skipulag háskólalóðarinnar og byggingu Háskólatorgs. Háskólatorginu er ætlað að gegna tvíþættu hlutverki, annars vegar að vera þjónustumiðstöð alls háskóla-samfélagsins í hjarta háskólalóðarinnar, hins vegar að leysa úr brýnasta húsnæðisvanda einstakra deilda, einkum félagsvísindadeildar og viðskipta- og hag-fræðideildar. Gert er ráð fyrir að farin verði svokölluð einkaframkvæmdaleið við uppbyggingu torgsins. Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. komið inn á íþróttaaðstöðu háskólafólks og skipulagningu framtíðaraðstöðu heilbrigðisvísindadeilda í tengslum vð nýbyggingar LSH við Hringbraut.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.20